



# HRUNAMANNAHREPPUR

55. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

## 19. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 17. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnhildur S. Eypórsdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram. Í upphafi fundar lagði oddviti fram tillögu um að fundi yrði frestað til kl. 18:00. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**1. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 11. fundar frá 8. október 2024.**

Lögð fram fundargerð 11. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**2. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 16. fundar frá 14. október 2024.**

- **Ásamt viðbótarskjali varðandi gjaldskrá.**

Lögð fram fundargerð 16. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar ásamt viðbótarskjali varðandi gjaldskrá.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar og ábendingum um framkvæmdir við íþróttahús vísað til forstöðumanns eignasjóðs ásamt tillögum um starfsemi og gjaldskrá vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.*

**3. Umhverfisnefnd: Fundargerð 11. fundar frá 1. október 2024.**

Lögð fram fundargerð 11. fundar Umhverfisnefndar.

*Sveitarstjórn óskar handhöfum umhverfisverðlaunanna og umhverfishróssins þeim Jóhönnu Bríeti Ingólfssdóttur og Ásu Maríu Ásgeirsdóttur innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu. Öðru liðum vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

**4. Fundargerð 289. fundar skipulagsnefndar frá 9. október 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. október sl.**

Lögð fram fundargerð 289. fundar skipulagsnefndar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. október.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 24. Brattöldujökull (hluti Hofsjökuls) í Hrunamannahreppi: Stofnun þjóðlendu. Sjá sérstök gögn frá Stjórnarráði Íslands.**

Lögð er fram umsókn Regínu Sigurðardóttur, f.h. forsætisráðuneytisins, um stofnun þjóðlendu. Um er að ræða 71 km<sup>2</sup> landsvæði, Brattöldujökull (hluti

DGS  
13V  
Aes  
RST

Hofsjökuls) innan marka Hrunamannahrepps, skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, dags. 19.06.2009. Um hana fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 með síðari breytingum. Landeigandi er íslenska ríkið skv. 2. gr. laga nr. 58/1998. Afmörkun þjóðlendunnar er sýnd á meðfylgjandi mæliblaði dags. 16.09.2024.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Sveitarstjórn samþykkir erindið.*

**Mál nr. 32. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. október sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. október sl.

5. **Öldungaráð Uppsveita og Flóa: Fundargerð 2. fundar frá 9. október 2024.**  
Lögð fram fundargerð 2. fundar Öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn felur sveitarstjóra, sem er fulltrúi í starfshópi um uppbyggingu dagþjálfunar, að fylgja því eftir að umsókn verði send ráðuneytinu hið allra fyrsta.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

6. **SASS: Fundargerð 614. fundar stjórnar frá 4. október sl.**

Lögð fram fundargerð 614. fundar stjórnar SASS.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

7. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 239. fundar frá 8. október sl.**

Lögð fram fundargerð 239. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

8. **Bergrisinn bs. Fundargerð 77. stjórnarfundar frá 20. september sl.**

Lögð fram fundargerð 77. stjórnarfundar Bergrisans bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

9. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 22. fundar stjórnar frá 27. september sl.**

Lögð fram fundargerð 22. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

10. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 23. fundar stjórnar frá 9. október sl.**

Lögð fram fundargerð 23. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

11. **Framkvæmdaráð Almannavarna Árnassýslu: Fundargerð 8. fundar frá 8.10. sl.**

Lögð fram fundargerð 8. fundar framkvæmdaráðs Almannavarna Árnassýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

12. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 14. fundar stjórnar frá 26. september sl.**

Lögð fram fundargerð 14. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

DU  
DES  
ARJ  
RSE

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**13. Bréf frá innviðaráðherra frá 3. október 2024.**

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna alþjóðlegs minningardags Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa. Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert og er nú haldinn þann. 17. nóvember. Dagurinn er fyrst og fremst tileinkaður minningu þeirra sem látist hafa í umferðinni. Að þessu sinni verður kastljósi dagsins beint að hættunni sem getur skapast á að sofna eða dotta undir stýri vegna þreytu ökumanna.

*Lagt fram til kynningar.*

**14. Bréf frá Vegagerðinni frá 10. október 2024.**

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni varðandi umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Ási, Hrunamannahrepp, landnr. 166710. Hefur Vegagerðin ákveðið að fallast á beiðni um að taka aftur á skrá héraðsveg að bænum Ási.

*Lagt fram til kynningar.*

**15. Erindi frá Golfklúbbnum Flúðum frá 2. október 2024.**

Lagt fram erindi frá Golfklúbbnum Flúðum vegna vandræða sem klúbburinn er að lenda í þar sem Ósinn á það til að flæða yfir völlinn í mikilli úrkomu og leysingum. Í erindinu eru reifaðar tillögur sem gætu bætt þetta ástand og hugmyndir að kostnaðarskiptingu verkefnisins.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindinu til Veitu- og framkvæmdanefndar.*

**16. Skýrsla um inngildingu íbúa með erlendan bakgrunn í Uppsveitum Árnassýslu – Niðurstöður íbúafunda og könnunar 2024 ásamt útdrætti.**

Lögð fram skýrsla byggðápróunarfulltrúa er fjallar um inngildingu íbúa með erlendan bakgrunn í Uppsveitum Árnassýslu.

*Sveitarstjórn þakkar greinargóða og viðamikla skýrslu og hlakkar til að sjá enn frekari afrakstur þessa mikilvæga verkefnis.*

**17. Erindisbréf Skólanefndar Hrunamannahrepps.**

Lagt fram erindisbréf Skólanefndar Hrunamannahrepps þar sem gerðar hafa verið breytingar vegna breytinga á skólasókn nemenda Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Flúðaskóla.

*Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið samhljóða.*

**18. Úthlutun lóða.**

Fyrir liggja umsóknir um lóðirnar Iðjuslóð 7-9-11 og lóðina Iðjuslóð 4.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Brunavörnum Árnassýslu og Björgunarfélaginu Eyvindi lóðirnar Iðjuslóð 7, 9 og 11 til byggingar Björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Vinna við sameiningu lóðanna mun hefjast nú þegar. Sveitarstjórn fagnar því að þetta verkefni skuli nú vera að hefjast og framkvæmdir séu í augusýn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framlag sveitarfélagsins til verkefnisins verði að fella niður gatnagerðargjald og tengigjöld veitna vegna byggingarinnar.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Gýgjarsteini ehf lóðinni Iðjuslóð 4 á Flúðum enda uppfylli umsækjandi skilyrði sveitarfélagsins um lóðarúthlutun.*

**19. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

*Samþykkt er að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn samkvæmt venju þann 7. nóvember n.k.*

DAS  
BR  
ARJ  
BJ  
RSE

**Fjárhagsleg málefni:**

**20. Kynning á niðurstöðu Félagsdóms um veikindarétt starfsmanna.**

Lögð fram tilkynning Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 07.10.2024, um breytta túlkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga er lítur að 360 daga veikindarétti og endurnýjun hans.

*Lagt fram til kynningar.*

**Mál til kynningar:**

**21. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 952. fundar stjórnar frá 27.9.2024.**

**22. Fundur í bygginganefnd um Björgunarmiðstöð á Flúðum frá 7. október 2024.**

*Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:47*



Alexandras Jóhannesdóttir

Dafni Geir Samúelsson

Bjarney Vignisdóttir

Ragnhildur Stefania Eypersdóttir

Alli flóki